

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktar- og mannúðarsjóð hjónanna Þorkels J. Sigurðssonar fyrrverandi kaupfélagsstjóra og Kristínar G. Kristjánsdóttur ljósmóður.

1. gr.

Þorkell J. Sigurðsson, kt. 180908-4479, Hátúni 8, Reykjavík stofnar hér með líknarsjóð er ber heitið „Styrktar- og mannúðarsjóður hjónanna Þorkels J. Sigurðssonar fyrrverandi kaupfélagsstjóra og Kristínar G. Kristjánsdóttur ljósmóður.“

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Grundarfirði.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita styrki og gjafir til fólks sem búsett er í Eyrarsveit á Snæfellsnesi sem á þarf að halda eftir mati sjóðstjórnar. Sjóðstjórn skal hafa frjálst val um það hvort hún veitir einum aðila eða fleirum árlega þá fjárhæð sem er til ráðstöfunar.

Leitast skal við að framlögum úr sjóðnum sé ráðstafað til fólks sem á um sárt að binda eða á í erfiðleikum vegna sjúkdóma, slysa eða annarra atvika svo og til aldraðra.

4. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 2.000.000,00 (tvær milljónir 00/100) og greiðist það af stofnanda. Skal sú fjárhæð standa inni á innlánsreikningi í banka eða sparisjóði á hagstæðustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma.

Til úthlutunar árlega skulu vera áfallnir vextir á reikningi þeim sem stofnframlag er inni á að frádregnum 20,0%-30,0% af áföllnum vöxtum hvers árs sem skulu bætast við höfuðstól stofnframlag sjóðsins og kostnaði við sjóðstjórn. Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um hversu hátt hlutfall vaxta skuli bætast við stofnframlag í samræmi við ákvæðið hverju sinni.

Vextir til úthlutunar skulu á hverjum tíma reiknast af stofnframlagi með áföllnum vöxtum og/eða verðbótum.

Óheimilt er við úthlutun að ganga á höfuðstól sjóðsins eins og hann er á hverjum tíma.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram í desember ár hvert. Framlög skulu afhent í umslögum merktum með nafni sjóðsins. Stofnandi leggur til á eigin kostnað umslög til sjóðstjórnar meðan hann lifir. Að honum gengnum skal kostnaður þessi greiddur af tekjum sjóðsins.

6. gr.

Í sjóðstjórn skulu sitja starfandi prestur í Setbergsprestakalli sem jafnframt skal vera formaður, starfandi ljósmóðir eða hjúkrunarfræðingur í Grundarfirði og formaður Kvenfélags Eyrarsveitar. Þá skulu sitja í stjórn tvö ættmenni stofnanda, Guðni Hallgrímsson rafvirkjameistari, Grundarfirði og Ragnheiður Þórarinsdóttur kennari, Grundarfirði.

Við lok setu þeirra í sjóðstjórn skal stjórnin leitast við að fá til setu í sjóðstjórn í þeirra stað ættmenni stofnanda ef kostur er. Ef það reynist ekki unnt skal stjórn einungis skipuð þeim er fyrst eru upp talin.

Verði eitthvert tilgreindra embætta lögð niður skulu þeir stjórnarmenn sem eftir eru tilnefna stjórnarmann/menn.

Formaður sjóðstjórnar skal boða til funda og stjórna þeim. Hlutverk sjóðstjórnar er að fara með fjárreiður sjóðsins, taka ákvarðanir um ávöxtun stofnframlags og veitingu styrkja og gjafa.

Meirihluti atkvæða stjórnarmanna skal ráða við ákvarðanir séu ekki allir sammála. Falli atkvæði jafnt í sjóðstjórn ræður atkvæði formanns niðurstöðu.

Sjóðstjórn er heimilt að taka ákvarðanir séu að minnsta kosti þrír stjórnarmenn mættir á stjórnarfund.

Fyrir setu í sjóðstjórn skal greiðast af tekjum sjóðsins árlega kr. 2.400,00 til formanns stjórnar en kr. 1.200,00 til annarra stjórnarmanna. Greiðslur þessar skulu vera verðtryggðar með vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu desembermánaðar 1997 og skulu þær greiðast um leið og úthlutun fer fram samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Sjóðstjórn skal árlega tilnefna tvo aðila til þess að endurskoða fjárreiður sjóðsins. Endurskoðendur sjóðsins mega ekki vera tengdir stjórnarmönnum ættar- eða sifjatengslum. Endurskoðendur skulu fá sömu þóknun fyrir starfa sinn og meðstjórnendur samkvæmt 6. gr.

8. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari með samþykki allra stjórnarmanna.

9. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður.

Verði sjóðurinn lagður niður samkvæmt 1. mgr. eða vegna óviðráðanlegra atvika skal sjóðstjórn ráðstafa stofnframlagi ásamt áföllnum vöxtum og/eða verðbótum að jöfnu á milli Setbergssóknar og heilsugæslu Eyrarsveitar.

10. gr.

Um sjóð þennan fer samkvæmt lögum nr. 19/1988.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við lög nr. 19/1988.

Reykjavík, 5. desember 1997.

Þorkell J. Sigurðsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.